

**SAMÞYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp**  
**Seltjarnarneskaupstaðar, nr. 508/2002.**

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. samþykktarinnar:

a) Í 4. tölul. falla brott orðin „jafnréttismál, samkvæmt lögum nr. 96/2000“.

b) Við greinina bætist nýr töluliður sem orðast svo:

*Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með jafnréttismál samkvæmt lögum nr. 96/2000 og samkvæmt jafnréttisáætlun Seltjarnarneskaupstaðar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2006.*

F. h. r.

**Sesselja Árnadóttir.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*